

**Stjórnarfundur í Eyjafjarðardeild Rauða krossins,  
rafrænn fundur, 16. janúar 2024 kl. 17:00 - 18:00**

Mættir: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Hilmar Friðjónsson, gjaldkeri, Jón Baldvin Hannesson, ritari, Sigríður Stefánsdóttir, Konráð K. Baldvinsson, Kristjana Valgeirsdóttir, Karen Malmquist, Eva Hrund Einarsdóttir.  
Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

**1. Aðalfundur Eyjafjarðardeildar, ákvörðun um dagsetningu og skipun kjörnefndar fyrir aðalfund**

Ákveðið að halda aðalfund Eyjafjarðardeildar fim. 14. mars 2024. Síðasta kjörnefnd var skipuð Valdísi Gunnlaugsdóttur, Sveini Arnarsyni og Jóhanni Þorsteinssyni. Ákveðið að biðja þau um að sitja áfram í kjörnefnd fyrir næsta aðalfund.

**2. Endurnýjun almenns umboðs til handa deildarstjóra Eyjafjarðardeildar**

Stjórn Eyjafjarðardeildar samþykkir að heimila deildarstjóra, Ingibjörgu E. Halldórsdóttur, kt. 260980-5729, að fara með öll dagleg fjármál deildarinnar og starfsmannamál. Deildarstjóri hefur heimild til að ráðstafa fjármunum deildarinnar innan fjárhagsáætlunar og samþykktu stjórnar. Ennfremur leyfi til að gera samninga fyrir hönd deildarinnar í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið á stjórnarfundum.

**3. Skipt um greiðslumiðil**

Hætt verður að nota Rapyid og farið að nota Teya greiðslumiðlun. Formaður gerði grein fyrir málinu.

**4. Starfsmannamál**

Deildarstjóri gerir grein fyrir þessum dagskrárlið. Meðal annars rætt um fræðsluferð í tengslum við verkefnið Frú Ragnheiði.

**5. Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi 2024**

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi verður haldinn 4. maí 2024 og hefur kjörnefnd lýst eftir framboðum til stjórnarkjörs. Frestur til að skila tillögum og framboðstilkynningum er til miðnættis sunnudaginn 4. febrúar 2024. Áhugasömum er bent á að hafa samband við formann kjörnefndar, Hrund Snorradóttur, eða Gunnar Frímansson, kjörnefndarmann.

**6. Önnur mál**

Fundi slitið kl. 18:00

Hilmar Friðjónsson  
Kristjana V. Valgeirsd.  
Jón Baldvin Hannesson  
Sigríður Stefánsdóttir  
Karen Malmquist  
Eva Hrund Einarsdóttir